

Nd. 380. Frumvarp til laga

um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hér og óheimilt er skipi að hafa islenzkan fána, nema fullnægt sé skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign félags, þar sem félagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu $\frac{2}{3}$ félaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign félags, þar sem sumir félagar hafa fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing hér á landi, enda eigi hver af stjórnendum félagsins hluti í félaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
4. Ef skip er eign félags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal félag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef félag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

2. gr.

Bannað er íslenskum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í lögum nr. 34 17. júní 1944.

3. gr.

Skráningarskyld samkvæmt lögum þessum eru öll skip 6 metrar á lengd eða stærri.

Skip merkir hvert það far eða fleytu, sem skylt er að skrásetja.

Fiskiskip merkir hvert það skip, sem er skylt að hafa fiskiveiðaskírteini.

Farþegaskip eru öll skip, sem hafa leyfi til að flytja fleiri farþega en 12.

Vöruflutningaskip eru öll skip, sem gerð eru út í þeim tilgangi að annast flutninga á vörum.

Önnur skip eru öll skip, sem hvorki teljast farþega-, vöruflutninga- né fiskiskip.

4. gr.

Ráðuneytið hefur yfirumsjón með mælingu skipa og skráningu.

Sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist „Skipaskráningarstofa ríkisins“ framkvæmir öll þau daglegu störf, sem lúta að endurskoðun, mælingu skipa og skráningu þeirra.

Skipaskoðunarstjóra, sem jafnframt er skipaskráningarstjóri, skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

5. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu skipa á hendi. Skipaskráningarstofan löggildir skipaskrár fyrir hvert skipaskráningarumdæmi, en fiskiskipaskráin má vera lausblaðabók.

Skipaskrár skulu vera þrjár:

1. Skrá yfir öll farþega-, vöruflutninga- og fiskiskip með þilfari, 30 rúmlesta og stærri.
2. Skrá yfir öll fiskiskip án tillits til stærðar, eða hvort þau eru með þilfari eða ekki.
3. Skrá yfir öll önnur skip.

Skipaskráningarstofan skal halda aðalskipaskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi.

Ekkert skip má stunda fiskiveiðar, nema það hafi verið skráð á fiskiskipaskrá og fengið fiskiveiðaskírteini.

Ef skip, sem skráð hefur verið sem fiskiskip og stundað hefur fiskveiðar og er meira en 350 smálestir, hættir veiðum eða flutningum með ísvarinn fisk og er jafnframt tekið til annarra afnota, skal afhenda fiskiveiðaskírteinið til skráningarstjóra í því umdæmi, sem skipið á heima í, og skal þá þegar afmá umdæmisbókstafi og tölur af því. Þetta gildir þó ekki um skip, sem smíðuð hafa verið sem fiskiskip eða síðar breytt í fiskiskip, þótt þau séu yfir 350 smálestir. Sé ágreiningur um flokkun skipanna, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skráningarstjóra.

Hefji skipið fiskveiðar eða flutninga á ísvörðum fiski á ný, skal afhenda því fiskiveiðaskírteinið og mála á það umdæmisbókstafi og tölur.

6. gr.

Umdæmisskrár skulu greina um hvert skip sér:

1. Einkennisbókstafi skips, nafn þess, heimilisfang og smíðastöð.
2. Hvers konar skip það sé, lögun þess og aðalmál (lengd, breidd og dýpt).
3. Rúmlestatölu skips og með hvaða aðferð hún sé reiknuð.

4. Nafn, stöðu og heimildarbréf eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafélags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skrásetningardag og ár.

7. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá. Skip yfir 30 rúmlestir skal skrá í því lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, er eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, eða taka upp samnefni skipa sinna, t. d. sameiginlegar endingar í nöfnum, og skal hann þá senda beiðni um það til skipaskráningarstofunnar, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseiganda til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á samkvæmt framansögðu, eða nöfn svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óbreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið fyrir gildistöku þessara laga. Einkaréttur til skipsheitis fellur úr gildi fimm árum eftir, að skip hefur fallið út af skipaskrá, ef eigandi heitisins ekki hefur endurnýjað það á öðru skipi. Skipaskráningarstofan heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum samkvæmt 25. gr.

8. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipasmiðaskirteini, ásamt heimildarbréfi eiganda eða eigenda, ef eigendaskipti hafa orðið að skipi, síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þess í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðila um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 6. gr.).
3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sé í raun réttir eigandi eða eigendur skipsins, en ekki aðeins í orði kveðnu, og ef eigandi er félag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja sams konar yfirlýsing allra stjórnenda um það, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 4. tölul. 1. gr. segir. Enn fremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskirteini skipsins eða mælingarbréf skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi réttindi skipa, skrásettra hér á landi, né sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hér. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notari publici.

Ráðuneytinu eða skráningarstofunni í umboði þess er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skirteina, er hér segir, ef öflun þeirra er sérstökum örðugleikum bundin, enda sé réttur aðila til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar, til þess að skráning megi fara fram með öðrum hætti, fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttir ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hér skip sitt, eða hann eigi í raun réttir ekki

skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skipta.

9. gr.

Nú telur lögreglustjóri eftir atvikum, að undangenginni rannsókn samkv. 8. gr., aðila tvímælalaust fullnægja öllum lögmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annars kostar sendir lögreglustjóri skráningarstofunni skjöl þau, er í 8. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Skráningarstofan skal þá gera tillögur um málið og senda þær síðan ráðuneytinu ásamt rannsókn lögreglustjóra, greinargerð og öðrum skjölum. Leggur síðan ráðuneytið fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda skráningarstofunni skjölin að nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

10. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt senda skráningarstofunni öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur komið samkvæmt 8. og 9. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í té láta og máli skiptir. Skal skráningarstofan athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þörf þykir, getur skráningarstofan látið nýja mælingu fara fram. Skráningarstofan getur og krafizt nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef skráningarstofan telur skip ranglega skráð, þá tilkynnir hún það ráðuneytinu skriflega, sem þá getur fyrirskipað rannsókn samkvæmt 8. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 9. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip aftur strikað af skrá.

11. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð ráðuneytisins samkvæmt 9. og 10. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstólanna. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í héraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðila eða ekki.

12. gr.

Nú telur skipaskráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skip er yfir 30 rúmlestir brúttó, gefur skipaskráningarstjóri út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu, en mælingarbréf fyrir minni skip. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernis- og skráningarskírteini gefið út handa því.

Rita skal mælingarskírteini skips og allt það, er greina skal í skipaskrá samkv. 6. gr., á þjóðerniskírteini. Skírteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, í skipaskrá, leiðréttir rúmlestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðerniskírteini og fær aðila það síðan í hendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsg. 8. gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefur af hendi þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

13. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka nettó-rúmlestatal þess og einkennisstafi þess á þiljubítann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru orðin ólæsileg eða með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenskt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhöggðuð. Eru þeir einkennisstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu, latnesku lettri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku lettri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips er tvö orð eða fleiri, þá skal ávallt vera að minnsta kosti eins bókstafs bil milli orðanna.

Ef skip siglir til annarra landa, þá skal setja nafn þess þar að auki með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unnt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrum megin í desimetrum, en hinum megin í enskum fetum.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sé gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigendaskipti verði eða leyfi ráðherra komi til, enda samþykki skráningarstofan breytinguna og óbreyttir haldist einkennisstafir skipsins.

14. gr.

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyrr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal fulltrúum Íslands erlendis skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 8. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur í fyrsta sinn í íslenska höfn, enda sé skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki skipaskráningarstjóra komi til.

Nú þykir fulltrúa Íslands grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun rétttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun rétttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til ráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefur skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands erlendis gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann skráningarstofunni eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar heiðist, á að afhenda honum samkv. 8. gr. Skráningarstofunni ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgðaþjóðernisskírteininu, ef það reynist vera ólöglega út gefið.

Í þjóðernisskírteini eða mælingarbréfi til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta fulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur slíkt skírteini ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki skipaskráningarstofunnar komi til.

15. gr.

Þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollgreiðslu skips samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirlíða land-

varnarskipa eða fulltrúa Íslands erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skirteini eða breyta nokkru í því, nema skipaskráningarstofan eða lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða fulltrúi landsins erlendis.

16. gr.

Nýtt þjóðernisskirteini eða mælingarbréf skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafizt, enda sé þá eldra skirteini skilað um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef fulltrúi Íslands erlendis hefur gefið út þjóðernisskirteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 8. sbr. 9. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskirteini eða mælingarbréf glatast. Nú glatast skirteini erlendis, og gefur þá fulltrúi Íslands þar út þjóðernisskirteini til bráðabirgða (sbr. 14. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skirteinið sé út gefið. Skal sá, er biður um skirteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefur glatazt.
4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskirteini eða mælingarbréfi þess stendur um það, hvers konar skip það sé, rúmlestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip að nýju, nema hagkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skirteinið. Ef breyting er skráð á skirteini, sendir lögreglustjóri skráningarstofunni þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skirteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi, sbr. 7. gr. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið skrásett að nýju.

17. gr.

Ef eigendaskipti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rétti til að sigla undir íslenskum fána, eða skipstjóraskipti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 6. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigendaskipti hafa orðið, bæði fyrrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því þá þegar, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrétt samkvæmt því.

Svo skal skrá breytingar á þjóðernis- og skráningarskirteini skipsins eða mælingarbréfið, nema út verði gefið nýtt skirteini.

Nú verða slíkar breytingar, sem hér segir, erlendis, og skal þá næsti fulltrúi landsins rita þær á skirteinið og senda skráningarstofunni þegar skýrslu um þær.

Rétt er, að rannsókn samkvæmt 8. sbr. 9. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigendaskipti eftir þessari grein varða.

18. gr.

Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskirteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggið upp eða ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila fulltrúa Íslands þar þjóðernisskirteini þess eða mælingarbréfi, en hann sendir það síðan skráningarstofunni ásamt skýrslu um atburði.
2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, félags eða stofnunar og fyrirgerir þess vegna rétti til að nota íslenskan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, að sama hætti sem í 17. gr. segir, að skýra lögreglustjóra strax frá breytingunni. Ef eigendaskipti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta fulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skirteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda skráningarstofunni þau svo fljótt sem þess er

kostur. Þar, sem enginn fulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, sem þar er lögildur til þess að láta slík vottorð af hendi um breytinguna, og sendi skjölin síðan skráningarstofunni. Nú verða eigendaskipti að skipi eða skipshluta vegna skipta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiptaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, fulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.

3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt. Nú er þjóðernisskirteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skirteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

19. gr.

Lögreglustjóri skýrir skráningarstofunni jafnskjótt sem unnt er frá hverri breytingu, sem í 17. og 18. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rétt aðila til að hafa skip áfram skráð á Íslandi, eða grunur kemur um það, að réttur sé glataður eða hafi aldrei verið til nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra skráningarstofunni frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þessa máls og úrskurð eins og í 8., 9. og 11. gr. segir.

20. gr.

Ef eigandi æskir þess og sérstök ástæða er til þess, þá getur skipaskráningarstjóri veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til þess að fara hér hafna á milli, áður en það sé skrásett, enda hefur slíkt leiðarbréf sama gildi hér við land sem þjóðernis- og skrásetningarskirteini.

Enn fremur er skipaskráningarstjóra heimilt að veita skipi, ef nauðsyn ber til, að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskirteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi skrásetningarstofan fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskirteini skal greina öll þau atriði, sem í 14. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskirteinið gildir ekki lengur en í 2 ár, en þó getur skipaskráningarstjóri lengt frestinn, ef sérstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskirteini, skal marka á það rúmlestatal og einkennisstafi eftir 13. gr.

21. gr.

Skylt er lögreglustjóra að láta í té ágrip úr skipaskrá, gegn kr. 40.00 gjaldi fyrir hvert skip. Skipaskráningarstofan lætur í té gegn sama gjaldi staðfest eftirrit af þjóðernis- og skráningarskirteinum svo og mælingarbréfum. Greina skal á eftirrit, hvers vegna það er af hendi látið.

Eftirtalin gjöld skal greiða í ríkissjóð:

1. Fyrir einkaleyfi á skipsnafni, sbr. 2. mgr. 7. gr. kr. 1000.00.
2. Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem minna er en 30 rúmlestir, kr. 100.00, en sé það 30 rúml. eða stærra kr. 300.00.
3. Fyrir útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskirteinis kr. 60.00, fyrir útgáfu mælingarbréfs kr. 40.00, nema mælingarbréfið sé fyrir opinn bát, þá skal greiða kr. 10.00.
4. Fyrir áritun á þjóðernis- og skrásetningarskirteini og mælingarbréf kr. 30.00, nema um opna báta sé að ræða, þá greiðist ekkert gjald.

Ráðuneytið ákveður með reglugerð gjald fyrir mælingu skipa.

22. gr.

Það varðar sektum, 500—1000 kr. á hverja brúttó-rúmlest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skráningarskirteini með visvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hér.

2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á lögum sínum eða sameigenda sinna, er varða missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefur skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hér, eftir að löggin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefur aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalfals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmaeltri refsingu fyrir það athæfi.

23. gr.

Það varðar 200—500 kr. sektum á hverja brúttórúmlast skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkuð það, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 22. gr. segir, enda þótt það mistakist.

Ákvæði síðustu málsgr. 22. gr. eiga hér við.

24. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skipta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 22. og 23. gr., enda má kyrrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

25. gr.

Ef aðili útvegar sér eða lætur útvega sér ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskirteini eða leiðarbréf (20. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 13., 14., 15., 17. eða 18. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvörld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, allt að 10000 kr., enda liggja ekki þyngri refsingar við samkvæmt öðrum lögum.

26. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur félaga og stofnana.

27. gr.

Ráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti, sem þess verður þörf, og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.

28. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 27. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 37 1930, um skráning skipa, og enn fremur lög nr. 26 1937, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 39 1941, um breyting á sömu lögum.